

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. október 2011 í máli nr. S-995/2011:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir settur

vararikissaksóknari)

gegn

M

(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

I

Málið, sem dómtekið var 13. september síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 27. júní 2011 á hendur, M, fyrir kynferðisbrot gegn B, dóttur fyrrverandi sambýliskonu ákærða, framín á tímabilinu 2005 til febrúar 2011, á þáverandi heimilum þeirra með því að hafa einu sinni til tvisvar í viku nuddað getnaðarlim sínum upp við kynfæri stúlkunnar, látið hana fróa sér og hafa munnmök við sig, nuddað og sleikt brjóst hennar og kysst hana á munninn með tungukossi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu F, vegna B, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 5.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er bótakrafan er birt fyrir ákærða en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. að liðnum mánuði frá birtingu bótakröfunnar til greiðsludags auk greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

II

Upphaf málsins er bréf barnaverndar í heimilissveitarfélagi brotþola til lögreglu 4. mars síðastliðinn. Í bréfinu kemur fram að hjúkrunarfræðingur í skóla brotþola hefði tilkynnt 2. mars að brotþoli segðist verða fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Sama dag ræddu starfsmenn barnaverndar við hana og sagði hún þá að ákærði beitti hana kynferðislegu ofbeldi, en vildi ekki tjá sig frekar um það. Þá er haft eftir henni að stuttu fyrir jól hefði vinkona móður hennar verið að gæta hennar og hefði maður hennar misnotað sig. Í bréfinu er einnig sagt frá því að árið 2003 hefði vaknað grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart brotþola. Talað var við hana í Barnahúsi en ekkert kom út úr því og lauk málinu þar með. Þetta sama ár og árið 2006 var tilkynnt um vanrækslu gagnvart brotþola, en hún var flutt í annað sveitarfélag áður en til aðgerða kom. Í nýja sveitarfélaginu greindi brotþoli einnig frá kynferðislegu ofbeldi og var það mál til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum og lögreglu, en því lauk 2007 án þess að botn fengist í það. Brotþoli flutti aftur í hið fyrra sveitarfélag og voru málefni hennar til meðferðar hjá barnavernd þar árið 2008 og fram á árið 2009. Var móður hennar veitt aðstoð við uppeldið. Í september 2009 var tilkynnt um að brotþoli sýndi af sér markalausa, frakka og óviðeigandi hegðun gagnvart drengjum. Brotþoli fór í viðtöl í Barnahúsi í febrúar til apríl 2010 án þess að þau leiddu til frekari aðgerða og lokaði barnavernd málinu í desember 2010.

Meðal gagna málsins er bréf Barnahúss frá árinu 2007. Þar kemur fram að brotþoli hefði komið í þrjú viðtöl sumarið 2006. Tvisvar hefði hún skýrt frá því að maður hefði sleikt á henni „þjölluna“. Ekki kom fram hjá henni hver þetta hefði verið, en hún kvaðst einu sinni hafa séð hann í Kringlunni og flýtt sér í burtu, en ekki orðið hrædd. Í bréfi Barnahúss frá desember 2010 segir að brotþoli hefði komið þangað í 5 viðtöl frá febrúar og fram í apríl sama ár. Segir í bréfinu að brotþoli hefði verið glaðleg og ræðin í viðtölum og hún eigi auðvelt með að tjá sig. Gerð var grein fyrir fræðslu sem brotþoli fékk þar sem frætt var um tilfinningar og mörk, hvað væri viðeigandi og hvað ekki. Einnig var hún frædd um einkastaði líkamans og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi. Þá kom fram að brotþoli kvaðst ekki muna mikið eftir fyrri komu í Barnahús. Sagðist hún aldrei hugsa um það kynferðislega ofbeldi sem var ástæða komu hennar 2003. Í lok bréfsins segir að ekki verði séð að kynferðisofbeldið væri henni hugleikið.

Brotþoli var skoðuð af kvensjúkdómalækni og barnalækni í júlí 2006. Í vottorði þeirra segir að um sé að ræða eðlilega þroskaða stúlku og því lýst nánar. Um skoðun kvensjúkdómalæknis segir „ytri kynfæri eru eðlileg. Meyjarhaft er heilt og sést ekki opna sig. Enginn roði á spöng, eðlilegur tonus og eðlileg spennan í endaparmsvöðva og endaparmssvæði lítur eðlilega út. Þannig er skoðun algerlega eðlileg á ytri kynfærum sem útilokar þó ekki að stúlkan kunni að hafa orðið fyrir einhverskonar kynferðislegu ofbeldi. Tekið er þvagsýni í almenna skoðun, ræktun og PCR fyrir chlamydiu og leiðir það ekkert óeðlilegt í ljós.“

Brotapoli var athuguð af sálfræðingi í febrúar 2010 vegna vísbendinga um ADHD. Niðurstaðan var sú að þótt hún ætti við athyglisvanda og ókyrra hegðun, eins og það er orðað, að stríða þá uppfyllti það ekki skilyrði þess að teljast ADHD.

Tekin var skýrsla af brotapolu fyrir dómi 4. apríl síðastliðinn og verður nú meginefni hennar rakið. Hún kvaðst hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu stjúpföður síns, ákærða, og væri það bæði líkamlegt og kynferðislegt. Líkamlega ofbeldinu lýsti brotapoli nánar þannig: „Hann hefur svona til dæmis lamið mig með herðatré, samt ekki úr tré, úr plasti og það brotnar stundum þegar hann lemur mig með því. Hann gerir það þegar mamma er kannski úti og hann fer aldrei út, hann er alltaf heima í tölvunni og þá vil ég ekki vera hjá honum, þannig að ég reyni alltaf að vera einhversstaðar úti að leika mér með vinkonum mínum og ég kem seint heim og þá lemur hann mig alltaf.“ Er spurt var hvar ákærði lemdi hana sagði brotapoli hann lemja sig á hendur og höfuð og stundum á rassinn, en ekki á hann beran heldur væri hún í fötum. Ástæður barsmíðanna sagði brotapoli vera að hún væri óþekk, kæmi seint heim á kvöldin og rífi kjaft við ákærða. Brotapoli kvað kynferðisofbeldið hafa byrjað þegar þau bjuggu í ákveðnu hverfi, en það heimili er ekki tilgreint í ákærinni. Hún kvaðst hafa verið fimm ára og verið ein heima með ákærða. Móðir hennar hefði farið í afmæli, en ákærði ekki viljað fara með henni. Ákærði hefði boðið henni í bað með sér og þar hefði gerst eitthvað ógeðslegt. Eftir smástund sagði brotapoli að ákærði hefði gert eitthvað með typpinu á sér. Síðan segir hún: „Oftast þá reynir hann að troða því í kynfærin á mér.“ og með kynfærunum á hún við rass og píku. „Hann reynir alltaf að troða því í en hann getur það aldrei og þá tekur hann typpið og strýkur því svona fram og til baka.“ Brotapoli ítrekaði að ákærði reyndi að troða typpinu inn í sig en hefði ekki tekist það. Þess í stað hefði hann strokið því við píkuna þar til eitthvað hvítt hefði komið úr því og farið á hann. Þá kvaðst brotapoli einnig hafa þurft að sleikja typpi ákærða og halda utan um það og hreyfa það. Einnig kvað hún hann sleikja á sér píkuna. Hún kvað þetta hafa gerst í herbergi móður hennar þegar hún væri farin út að spila póker eða bingó. Brotapoli kvað ákærða segja sér að fara úr öðrum fötum en bol og nærbuxum þegar hún væri heima og þegar hann ætlaði að gera þetta við hana tæki hann hana úr nærbuxunum. Sjálfur fari hann í bað eða skoli á sér typpið enda þurfi hún að sleikja það. Hún kvað móður sína fara út tvisvar til þrisvar í viku og þá gerðist þetta, þó þannig að færi hún þrisvar þá gerðist þetta tvisvar og væri einn dagur á milli.

Brotapoli kvað sér líða illa þegar ákærði gerði þetta. „Ég segi alltaf við hann hvort að hann geti hætt þessu en hann bara segir að þegar ég verði fjórtán ára og hann getur svona gert svona troðið typpinu inn í píkuna á mér að þá muni hann hætta og verða svona bara almennilegur pabbi.“ Hún kvaðst einu sinni hafa sagt móður sinni frá þessu en hún hefði ekki trúað sér. Hún hefði líka verið svo hrædd við lögregluna að hún hefði sagst vera að plata. Þá kvað hún ákærða hafa sagt sér að ef hún segði frá þessu myndi hún fara frá móður sinni. Hún kvaðst hins vegar hafa sagt tveimur vinkonum sínum frá því að hún væri lamin, en ekki frá kynferðisofbeldinu. Einnig bar brotapoli að ákærði hefði nuddað og sleikt á sér brjóstin og hún þurft að kyssa hann tungukossi. Þegar brotapoli var spurð nánar um það hvar þetta hefði gerst svaraði hún: „Sko hann hefur bara gert á tveimur stöðum það er heima hjá mér og einu sinni“ erlendis. Þá var hún spurð hvort hann hefði gert þetta allan tímann sem hún hefði búið á núverandi heimili og svarar hún: „Hann hefur gert þetta bara eiginlega alltaf síðan held ég svona janúar.“ Nánar

spurð um þetta sagði brotapolí ákærða hafa gert þetta á öllum heimilum, sem um getur í ákæru auk eins annars og einnig erlendis. Þá kvaðst hún hafa hugsað að segja frá þessu því þá myndi þetta hætta, en hún hefði verið hrædd um að þá myndi hún verða tekin frá móður sinni en það vildi hún ekki.

Brotapolí var skoðuð af barnalækni og kvensjúkdómalækni 13. apríl síðastliðinn. Í vottorði þeirra segir að engin útbrot eða áverkamerki sé að finna á húð og heldur engin merki um bólgu eða eymsli við þreifingu á líkama. Hefðbundin líkamsskoðun hefði því verið eðlileg. Um skoðun kvensjúkdómalæknis segir: „Það er algjörlega eðlileg skoðun á ytri kynfærum, meyarhaft er til staðar sem er V-laga með litlu skarði um kl. 19, fínar brúnir og op á meyarhafti er eðlilegt, 3-4 mm í þvermál. Kynþroski er II samkvæmt Tanner stigum. Æðateikning er eðlileg og það er ekki hægt að sjá nein merki um ytri áverka á kynfærum. Spöng er sömuleiðis eðlileg og endaparmssvæði er eðlilegt á að líta og eðlilegur tonus í endaparmsvöðva. Stúlkan skilar þvagprufu í almenn smásjárskoðun og ræktun og auk þess PCR fyrir chlamydia og kom ekkert óeðlilegt út úr þeim rannsóknum.“ Það var því álit læknanna að almenn líkamsskoðun hefði ekki leitt neitt í ljós sem benti til þess með vissu að brotapolí hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreiti, en útilokaði það heldur ekki. Ekki sáust nein merki um innþrengingu í leggöng.

Brotapolí var athuguð af barnasálfræðingi í maí síðastliðnum og í niðurstöðu segir: „Um er að ræða tólf ára stúlku sem gefur trúverðuga frásögn af langvarandi kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi. Stúlkan hefur skýr einkenni áfallastreituröskunar sem samræmast því sem búast má við þegar barn býr við slíkar aðstæður.“

Þá er meðal gagna málsins skýrsla um sálfræðilega athugun á brotþola. Þar segir að í febrúar 2009 hefði borist beiðni frá foreldrum hennar og skóla um athugun á henni vegna einbeitingarskorts og eirðarleysis. Þá er sagt frá því að hún eigi sögu um kynferðislegt ofbeldi þegar hún bjó úti á landi fyrir 5 árum síðan. Eftir að gerð hefur verið grein fyrir hinum ýmsu prófum, sem fyrir hana voru lögð, segir að hjá henni komi fram frávik í hegðun og málþroska. Mat á vitsmunaproska bendi til greindar með miklum misstyrk. „Málstarf bendir til málhömlunarmynsturs þar sem frammistaðan er langt fyrir neðan frammistöðu í öðrum prófhlutum. Veikleikar birtast þar í almennri þekkingu og ytri hugtakaflokkun. Styrkleikar koma fram í sjónrænum verkefnum sem reyna á rök hugsun og þrautalausnir. Ekki var hægt að reikna út heildartölu greindar sökum þess mikla munar.“ Um hegðun brotþola segir að hún hefði einkennst af mótþróa og hvatvísi í fyrravetur. „Kennari þá hafði orð á því að hún væri oft með sérstaka hegðun gagnvart strákum sem einkenndist af fremur líkamlegum og óviðeigandi hnoði, kjassi og vísi að kossaflensi.“ Nú hefði nýr kennari tekið við henni og hegðun hennar breyst til hins betra, „en þó borið töluvert á óviðeigandi og frakkri hegðun gagnvart strákum.“ Bent er á að vegna forsögu hennar þurfi að fylgjast vel með henni vegna þess að „slíkum fórnarlömbum er mjög hætt við meiri áhættuhegðun á yngri árum. Að auki fær hún mikla styrkingu frá eldri skólafélögum sínum fyrir þessa hegðun.“

Loks ber að geta um skýrslu sálfræðings hjá Barnahúsi, en brotapolí hefur komið í fjögur viðtöl í júní og júlí síðastliðnum. „Viðtölin hafa leitt í ljós fjölmörg vandamál sem þekkt eru meðal barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi í langan

tíma. Ljóst er að viðtalsmeðferð er hvergi nærri lokið og áfram þurfi að vinna með þessi einkenni hjá stúlkunni í komandi viðtölum. Þá er enn eftir að kanna hjá stúlkunni tilfinningar eins og skömm og sektarkennd. Í heild benda einkenni stúlkunnar ekki til að öll greiningarskilmerki áfallastreituröskunar séu uppfyllt að fullu.“ Hún sýni fjölmörg einkenni um hana, einkum forðun og ofurviðkvæmni fyrir áreitum í umhverfinu.

Ákærði var yfirheyrður þrívægis af lögreglunni og neitaði staðfastlega að hafa beitt brotþola kynferðislegu ofbeldi. Hann viðurkenndi hins vegar að hafa af og til beitt hana líkamlegum refsingum þegar tilefni var til vegna hegðunar hennar að hans mati.

III

Ákærði neitaði sök. Hann kvaðst hafa flutt til landsins árið 2000 og vera íslenskur ríkisborgari. Árið 2003 hefðu hann og móðir brotþola hafið sambúð á höfuðborgarsvæðinu. Áður kvaðst hann hafa búið í þorpi úti á landi og verið þar fyrstu 3 árin á Íslandi. Hann kvað brotþola og móður hennar einnig hafa búið úti á landi. Ákærði var spurður hvort hann hefði skýringar á ásökunum brotþola og kvað hann hana ekki vera hrifna af sér þar eð hann væri að setja henni reglur um útivist og fleira sem hún væri ekki ánægð með. Þá kvaðst hann refsa henni með því að láta hana vera inni í herbergi ef hún hlýddi ekki. Brotþoli væri ekki ánægð með þetta. Hann kvað samskipti sín og brotþola ekki hafa verið góð og hefði hún verið sér reið og óþekk þegar hann vildi segja henni fyrir verkum. Ákærði kvaðst hafa búið með móður brotþola á þeim stöðum sem greinir í ákæru. Þá kvaðst hann hafa verið í vinnu á þessum tíma. Hann hefði til dæmis unnið í samlökugerð og þá unnið á kvöldin og nóttunni. Eins hefði hann unnið á veitingastað en sú vinna hefði verið „svört“. Á þessum tíma hefði móðirin verið að vinna á elliheimili um tíma, en að öðru leyti verið atvinnulaus. Ákærði kvaðst hafa gætt brotþola meðan á sambúðinni stóð þegar móðirin vann aukavaktir. Móðirin hefði stundum farið að spila um helgar og þá sent brotþola til systurdóttur sinnar sem gætti hennar. Þetta hefði aðallega verið um helgar og hann mjög sjaldan gætt hennar um helgar, enda hefði hann þá verið að vinna á veitingastað og unnið um helgar frá níu að kvöldi til þrjú um nóttina. Þegar hann vann á veitingastaðnum hefði systurdóttir móður brotþola gætt brotþola. Þar hefði hann unnið síðastliðin 4 til 5 ár, en hætt á þessu ári. Þá hefði maður nokkur stundum gætt brotþola, en hann væri kvæntur konu af sama þjóðerni og móðir brotþola. Einhvertíma hefði brotþoli sagt að maðurinn hefði gert eitthvað við sig og hún vildi ekki fara til hans. Einnig hefði móðursystir brotþola oft gætt hennar, en hún hefði búið á heimilinu í einhvern tíma frá 2009. Ákærði var spurður hvort hann hefði farið í bað með brotþola og kvað hann það hafa gerst þegar hún var lítil og þá hefði móðirin verið með. Þá kannaðist ákærði við að hafa verið mikið í tölvu heima hjá sér.

Móðir brotþola bar að hafa búið með ákærða í 7 til 8 ár, en þau byggju ekki saman í dag. Þau hefðu kynnst á vinnustað og hafið sambúð eftir um eins árs kynni. Þau hefðu fyrst búið saman á höfuðborgarsvæðinu en síðan flutt út á land. Hún kannaðist við að hún og ákærði hefðu búið saman á þeim stöðum sem nefndir eru í ákæru nema í húsnæði félagasamtaka, en meðan hún bjó þar hefðu þau verið þar og ákærði komið í heimsóknir. Móðirin var spurð hvenær hún hefði fyrst heyrt

um ætluð brot ákærða gegn brotþola og kvaðst hún ekkert vita um þau. Hún kvað brotþola hafa, þegar þær bjuggu úti á landi og brotþoli var 4 ára, sagt nágretta þeirra að ákærði hefði brotið gegn sér en síðar sagt að það væri ósatt. Brotið hefði átt að vera að ákærði hefði látið hana snerta lim sinn. Hún kvað nágrennan hafa sagt sér þetta til að hún gæti spurt brotþola hvort þetta væri satt eða ekki. Þá kvaðst hún hafa látið brotþola gista hjá nágrennanum, sem kvæntur er konu af sama þjóðerni og hún, til að þau gætu spurt brotþola nánar um þetta. Þau hefðu gert það og sagt móðurinni að brotþoli væri að stríða með þessu og hún hefði verið að ljúga. Móðirin kvaðst hafa rætt þetta við brotþola og eins athugað hvort ekki væri í lagi með hana, en ekkert hefði bendlað ákærða við brot gegn henni. Hún kvað brotþola hafa bendlað annan mann við kynferðisbrot gegn sér, en það hefði verið meðan þær bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Hún var spurð um ætluð brot ákærða gegn henni undanfarið, það er eftir að þau fluttu aftur á höfuðborgarsvæðið, og kvaðst hún ekkert vita um þau, brotþoli hefði ekki rætt við sig um þau. Þá kvað móðirin ákærða ekki oft hafa verið einan með brotþola heldur hefði systir hennar oftast verið á heimilinu. Þó hefðu komið tímabil þegar þau voru ein heima þegar hún var að vinna. Brotþoli hefði þá verið 3 eða 4 ára. Loks benti hún á að systir hennar hefði búið með þeim á tímabili. Móðirin kvaðst hafa spilað um helgar og þá hefði brotþoli mjög oft farið til frænku sinnar, systurdóttur móðurinnar, en stundum hefði systir sín gætt brotþola. Systir hennar hefði búið hjá þeim í 3 ár. Hún tók fram að þær systur hefðu ekki farið að spila á sama tíma. Ástæða þess að ákærði gætti ekki brotþola hefði verið sú að hann hefði þurft að gæta sonar þeirra. Þá kvað móðirin brotþola hafa viljað fara með sér að spila, ef hún gat ekki farið til frænku sinnar, frekar en að vera heima hjá ákærða. Móðirin kvað brotþola engin merki hafa sýnt um að henni væri illa við ákærða og ekki hefði hún sagt sér frá ætluðum brotum hans. Þá kvaðst hún aldrei hafa orðið vör við ætluð brot ákærða gegn henni. Hún kvað brotþola ekki vera beint óþekka en fyrir kæmi að hún plataði eða lygi til að geta farið á einhvern stað sem hún vildi fara á.

Faðir brotþola, sem fer nú einn með forsjá hennar, bar að þau hefðu ekki rætt um þessi mál, en hún búi nú hjá honum og hafi gert frá 2. mars síðastliðnum. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við að hún væri með kynferðislegt tal eða annað í þá veru. Hins vegar hefði hann fundið fyrir óöryggi hjá henni. Þá kvað hann þetta hafa haft áhrif á hana, meðal annars hefði ákærði hringt í hana fyrir um 6 vikum og hún orðið skelfingu lostin.

Félagsráðgjafi hjá barnavernd þar sem brotþoli á heima kærði málið á sínum tíma til lögreglu. Skóli hennar hafði haft samband þar eð brotþoli hafði skýrt vinkonum sínum frá kynferðislegu ofbeldi sem hún sætti. Haft hefði verið tal af brotþola sem hefði skýrt frá bæði líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Að fengnum þeim upplýsingum hefði verið haft samband við lögreglu. Félagssráðgjafinn kvað brotþola strax hafa nefnt ákærða sem geranda. Þá kvað hún stofnunina lengi hafa haft áhyggjur af brotþola og meðal annars hefði verið tilkynnt um hana frá leikskóla 2003. Þá voru atvik þau að kennari hefði verið að toga í fæturna á henni og þá hefði hún sagt „ætla þú að kyssa á mér þíkuna?“. Skömmu síðar hefði hún flutt út á land og þar hefðu afskipti af henni haldið áfram, enda alltaf grunur um kynferðislegt ofbeldi.

Skólustjóri í skóla, sem brotþoli var áður í, staðfesti bréf sem hann ritaði barnavernd í maí 2008. Í bréfinu koma fram áhyggjur af ástandi brotþola, hún væri oft í reiðileysi á skólalóðinni, mætti mjög snemma og færi seint heim. Hann

kvaðst hafa fengið upplýsingar frá kennara brotaþola um að grunur væri um að hún sætti kynferðislegu ofbeldi. Þá bar hann að brotaþoli hefði, eftir sýningu frá samtökunum Blátt áfram, sýnt merki um að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og hefði hann tilkynnt það til barnaverndar.

Kennari brotaþola í framangreindum skóla bar að eldri strákar hefðu kvartað yfir því að hún væri að áreita þá, kyssa og fleira. Það hefði verið eins og hún væri að gera sig til fyrir þeim. Af þessu tilefni voru samdar reglur, meðal annars um að ekki mætti kyssa fyrr en eftir fermingu. Þá hefði brotaþoli verið farin að klæða sig á áberandi hátt miðað við aldur. Þegar brotaþoli kom í fyrsta sinn í skólann hefði móðir hennar sagt sér að hún hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni þegar þær bjuggu úti á landi og hún væri í Barnahúsi vegna þess. Þá bar kennarinn að samtökin Blátt áfram hefðu verið með sýningu í skólanum og eftir þá sýningu hefði brotaþoli komið og sagt þeim, sem voru með sýninguna, að hún hefði lent í þessu. Brotaþoli hefði einnig sagt sér þetta og lýst hvað hefði gerst, en það var þannig að hún hefði verið í pössun og þar hefði verið maður sem hefði sleikt á henni píkuna. Síðan hefði dóttir mannsins komið og kippt henni úr rúminu og þar með bjargað sér.

Ráðgjafi á skóla- og fjölskylduskrifstofu í sveitarfélagi, þar sem brotaþoli og móðir hennar bjuggu á sínum tíma, bar að tvisvar hefði vaknað grunur um kynferðisbrot gegn brotaþola meðan hún bjó úti á landi. Í fyrra skiptið kom tilkynning frá leikskóla um kynferðislegt tal hennar. Talið var að eldri krakkar væru að kenna henni orð af þessu tagi og hún væri síðan að segja þau, en hún var talin frökk. Síðara tilvikið var að maður, kunnugur móður brotaþola, hefði hringt og sagt að hún hefði sagt sér að maður, sem hún kallaði tilteknu nafni, hefði sleikt á sér píkuna. Þetta átti að vera maður konu sem gætti brotaþola þegar hún bjó á höfuðborgarsvæðinu áður en hún flutti út á land. Ráðgjafinn kvaðst ekki hafa haft vitneskju um fósturföður brotaþola á þessum tíma.

Sálfræðingur sem starfar hjá þjónustumiðstöð í hverfi brotaþola bar að hafa athugað hana 2009. Ástæðan var áhyggjur af hegðun hennar, meðal annars einbeitingarskort og eirðarleysi í tímum. Eins fór hún ekki eftir fyrirmælum og sýndi af sér markaleysi í samskiptum við önnur börn. Hann kvaðst hafa lagt þroskapróf fyrir brotaþola og voru niðurstöðurnar þær að framangreind einkenni væru til staðar og eins mældist málþroski lágur. Brotaþoli væri hins vegar ekki haldin athyglisbrestri þótt ýmislegt í hegðun hennar gæti bent til þess.

Hjúkrunarfræðingur í skóla brotaþola bar að hafa verið kölluð til í mars síðastliðnum, en þá hefði skólasystir brotaþola sagt frá því að hún hefði sætt kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Brotaþoli hefði sagt skólasysturinni frá þessu. Hjúkrunarfræðingurinn kvaðst hafa tilkynnt þetta til barnaverndar svo og foreldrum stúlkanna sem höfðu verið með brotaþola. Hún kvað brotaþola hafa verið brugðið, einkum vegna þess hve skólasystur hennar var brugðið við þessar fréttir. Þær hefðu allar verið grátandi. Hjúkrunarfræðingurinn kvað upplýsingar hafa fylgt brotaþola úr fyrri skóla hennar um vanrækslu uppalenda. Brotaþoli hefði greinilega mikið þurft að hugsa um sig sjálf og það hefði gert hana sterkari en jafnöldru hennar. Þá kvað hún brotaþola oft hafa leitað til sín vegna alls konar kvilla sem að öllu jafna væri sinnt á heimilum barna.

Skólasyntir brotaþola bar að hún hefði sagt sér í trúnaði að hún væri barin heima hjá sér. Nokkrum mánuðum síðar hefði svo brotaþoli sagt í skólanum að hún væri beitt kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Það væri fósturpabbi hennar sem beitti hana því og átti þetta að hafa gerst nokkrum sinnum. Hún kvað brotaþola hafa sagt að hún væri beitt ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Skólasyntirin taldi þetta einnig hafa gerst þegar brotaþoli var í hinum skólanum. Ekki var hún viss um hvenær þetta átti að hafa gerst síðast, en það væri eitthvað síðan. Þetta mun hafa byrjað þegar hún var 6 til 8 ára og hefðu alls fjórir menn átt hlut að máli, en oftast hafi það verið fósturpabbi hennar. Auk hans hefði það verið útlendur frændi hennar, einhver strákur sem hún þekkti ekki og var að gæta hennar, en ekki mundi hún eftir fleirum. Þetta taldi hún aðallega hafa gerst áður en hún kom í núverandi skóla.

Önnur skólasyntir brotaþola bar að brotaþoli hefði sagt sér að hún sætti kynferðislegu ofbeldi, en sagði það þó ekki beint. Hún hefði sagt sér þetta í 5. bekk, en nú væru þær í 7. bekk. Ekki mundi hún að segja meira frá þessu og ekki kvaðst hún muna af hverju brotaþoli sagði frá þessu en taldi að henni hefði liðið illa og þegar hún var spurð hvort ekki væri allt í lagi hefði hún farið að segja frá þessu. Það hefði verið fósturpabbi hennar sem beitti hana ofbeldinu á heimilinu og hefði þetta átt að hafa gerst þegar brotaþoli var lítil og í öðrum skóla, en ekki eftir að hún byrjaði í núverandi skóla. Þá átti kærasti barnapíu líka að hafa reynt að misnota hana, en ekki mundi hún hvar brotaþoli átti heima þá.

Móðir fyrrum skólasyntur brotaþola kvaðst ekki vita um ætluð brot ákærða gegn henni, en hún kvaðst hafa sinnt brotaþola eftir sýningu hjá Blátt áfram í skólanum. Þessi sýning hefði ýft upp gömul sár hjá brotaþola sem hefði sagt sér frá því að hún hefði lent í kynferðisofbeldi, en það hefði ekki tengst stjúpföður hennar. Hún kvaðst ekki hafa fengið upp hjá brotaþola hver gerandinn var, en það hefði verið vitað um þetta atvik þótt maðurinn hefði ekki verið sakfelldur. Einnig hefði brotaþoli minnst á atvik sem átti að hafa gerst í útlöndum.

Stuðningsfulltrúi í bekk brotaþola bar að hafa verið að leysa kennarann af og þá orðið vör við mikið uppnám í hópi stúlkna í bekknum. Í ljós hefði komið að ein þeirra hefði sagt öðrum frá að ýmislegt væri í gangi heima hjá brotaþola. Stuðningsfulltrúinn kvaðst hafa kallað til hjúkrunarfræðing sem hefði tekið stúlkurnar að sér. Þær hefðu sagt sér að brotaþoli væri lamin og gáfu einnig í skyn að hún hefði orðið fyrir misnotkun af hendi stjúpföður að því er hún taldi. Hún kvað brotaþola vera dálítið sérstaka í framkomu gagnvart drengjum, hún sækti í þá og þeir yrðu dálítið pirraðir á henni stundum. Þetta hindraði hana ekki í því að pirra þá eða espa upp.

Núverandi kennari brotaþola bar að hafa kennt henni frá hausti 2010. Hann kvað hana ekki hafa sagt sér neitt um ætlað brot. Kennarinn kvað hegðun brotaþola gagnvart drengjum vera öðruvísi en annarra telpna í bekknum, hún gengi lengra en þær og átáðist meira í þeim með líkamlegri snertingu og því um líku.

Sálfræðingur, sem athugaði brotaþola í maí síðastliðnum, bar að hafa rannsakað hana og ritað um hana skýrslu, sem rakin var í II. kafla. Sálfræðingurinn kvað brotaþola vera með einkenni um áfallastreituröskun. Hún væri hins vegar ekki ofvirk, en væri bæði lífleg og opin allt þar til komið væri að ofbeldinu, en þá

hvítnaði hún upp og yrði óörugg. Þetta benti til þess að henni liði mjög illa við að rifja upp þessa hluti. Brotapoli væri mjög trúverðug og samkvæm sjálfri sér auk þess að hafa gott minni. Sálfræðingurinn kvaðst hafa lesið yfirheyrsluna yfir brotþola í héraðsdómi og hefði hún skýrt frá á sama hátt hjá sér og þar. Þá kvað hún það mjög þekkt að börn sem verði fyrir kynferðislegu ofbeldi sýni af sér kynferðislega hegðun eins og brotþoli hefði gert, bæði gagnvart drengjum og eins í tali. Áfallastreituröskun og kynferðisleg hegðun séu algengustu merki um að viðkomandi barn hefði orðið fyrir misnotkun. Upplýsingar um brotþola frá leikskóla bendi til þess að hún hefði verið með óviðeigandi kynferðislegt tal og hegðun allt frá 4 til 5 ára aldri. Mjög ólíklegt sé að svo ungt barn hegði sér svona án þess að það byggist á eigin reynslu. Sálfræðingurinn tók þó fram að til væru börn, sem sýndu af sér kynferðislega hegðun, án þess að hafa orðið fyrir misnotkun, en þau væru í minnihluta.

Sálfræðingur, sem starfar í Barnahúsi og samdi álitserð sem rakin var í II. kafla, staðfesti hana og bar að þetta væri í þriðja skipti sem brotþoli væri til meðferðar í Barnahúsi. Fyrst hefði verið grunur um að kunningi fjölskyldunnar hefði beitt hana ofbeldi, en þá hefði hún verið mjög ung. Aftur hefði verið óskað eftir meðferðarviðtölum árið 2010, en þá hefði hún verið að sýna af sér kynferðislega hegðun gagnvart strákum. Eins hefðu foreldrar vinkonu hennar haft áhyggjur af kynferðislegu tali þeirra. Sálfræðingurinn kvað kynferðislegt tal oft fylgja hvatvísi hjá börnum og eins athyglisbresti og ofvirkni og þyrfti ekki að vera merki um misnotkun. Kynferðislegt tal gæti á hinn bóginn einnig verið merki um misnotkun. Í viðtölunum 2010 hefði brotþoli ekki gefið neitt upp um hugsanlegan geranda. Nú hefði hún hins vegar opnað sig meira og sagt gerandann vera ákærða. Hann hefði meðal annars sagt að þegar hún yrði eldri myndi hann ganga alla leið með henni og þá yrði hann góður við hana. Þá kvað sálfræðingurinn mjög algengt að börn, sem hefðu verið misnotuð, kvörtuðu undan líkamlegum kvillum sem kannski ættu ekki við rök að styðjast. Stundum væru þau að reyna að vekja athygli á vanlíðan sinni vegna misnotkunarinnar, en gætu ekki sagt frá henni sjálfri.

Maður, sem þekkti til brotþola og móður hennar meðan þær bjuggu úti á landi, bar að ákærði hefði búið þar með þeim. Maðurinn kvað brotþola hafa einu sinni sagt frá manni sem átti að hafa misnotað hana. Svo var það eitt kvöld að maðurinn hafði ekið þeim mæðgum heim og þegar þangað var komið hefði brotþoli sagt að ákærði gerði einnig svona við sig. Maðurinn kvaðst hafa sagt henni að segja móður sinni frá þessu og hefði hún gert það á hennar máli og hann svo ekið mæðgunum heim til sín aftur þar sem þær voru um nóttina. Brotþoli hefði hins vegar ekki fengist til að segja meira frá þessu, enda hefði hún virkað eins og hrædd. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvort það hefði verið vegna þess að hún hefði verið hrædd eða vegna þess að hún var að segja ósatt. Maðurinn kvaðst ekki vera viss um hvort hún hefði verið að segja satt í raun og veru. Hann kvað upphaf þess að brotþoli sagði honum frá þessu vera að brotþoli hefði komið á heimili hans í afmæli. Þá hefði hann tekið eftir því að hún hefði borið sig aumlega þótt enginn hefði verið að skamma hana og hann því farið að tala við hana, enda hefði hún viljað það. Eins hefði hún viljað vera hjá honum og sagst vera að leita að pabba. Þá hefði hún viljað hátta þarna heima hjá honum, sagði að sér væri heitt, og eins láta kitla sig. Maðurinn kvaðst aldrei hafa skammað hana, bara leyft henni að vera og tjá sig um það sem hún vildi. Einu sinni hefði hún sagt honum að hún vildi ekki koma við slönguna á honum því það væri svo ógeðslegt. Eftir að hafa sagt þetta hefði hún frosið og var eins og hún vildi ekki kannast við að hafa sagt þetta.

Síðar hefði brotapolí svo sagt að tiltekinn maður hefði gert eitthvað kynferðislegt við sig og sagt að hann hefði verið góður við sig. Einhvern tíma fór brotapolí suður og sagði sér þegar hún kom til baka að hún hefði hitt þennan mann í Kringlunni og sagði að hún hefði orðið hrædd. Þá bar maðurinn að hafa rætt þessi mál við ákærða sem hefði sagt að brotapolí hefði látið eins við sig og hefði hann ýtt henni frá sér. Kvaðst hann telja ákærða vera trúverðugan um það, en sér hefði fundist ákærði og móðir brotapóla hafa verið ströng gagnvart henni og refsað henni fyrir yfirsjónir. Kvað maðurinn konu sína, sem er frá sama landi og móðir brotapóla, hafa sagt sér að svona tíðkaðist að gera gagnvart börnum þar.

Móðursystir brotapóla bar að hafa búið hjá systur sinni síðastliðin 2 ár en byggji þar ekki lengur. Á þessum tíma hefði ákærði stundum gætt brotapóla þegar móðir hennar fór að spila sem hún gerði föstudaga og laugardaga, stundum bara annan daginn. Hún kvaðst þá hafa verið heima og einnig gætt brotapóla. Þegar hún var að vinna var systir hennar heima. Hún kvaðst hafa sofíð fyrir framan herbergi brotapóla og ekki orðið vör við nein samskipti milli ákærða og brotapóla, en hún hefði vakað flestar nætur og horft á sjónvarp. Ákærði hefði verið mikið í tölvu og ekki haft afskipti af brotapóla. Áður en hún flutti inn á heimilið hefði ákærði gætt brotapóla ásamt eldri dóttir hennar sem nú er 24 ára. Þegar dóttirin gætti brotapóla kom hún til hennar á heimili móðursysturinnar. Það hefði ekki oft komið fyrir að ákærði hefði verið einn með brotapóla.

Yngri dóttir framangreindrar móðursystur brotapóla bar að þekkja brotapóla vel en ekki væri mikill samgangur milli þeirra núna. Hún kvað brotapóla ekki hafa sagt sér frá þessu máli og ekki hafa sagt sér frá ofbeldi af hálfu ákærða. Hún kvaðst hafa komið á heimili brotapóla áður en foreldrar hennar skildu og móðir hennar flutti á heimilið, en ekki eins oft eftir skilnaðinn. Dóttirin kvaðst vita til þess að brotapolí væri mikið ein heima þegar móðir hennar færi út að spila, en hún hefði ekki komið til sín lengi. Hún kvað ákærða ekki mikið hafa gætt brotapóla þar eð hann hefði oftast verið í tölvunni.

IV

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot gegn brotapóla á sex ára tímabili á þeim heimilum sem í ákæru greinir. Aðalsönnunargagn ákæruvaldsins er skýrsla sem tekin var af brotapolí fyrir dómi og að framan var rakin. Af óviðráðanlegum orsökum gat dómariinn, sem skýrsluna tók, ekki tekið sæti í dómnum. Dómendur hafa skoðað mynddisk af yfirheyrslunni og er það mat þeirra að brotapolí hafi gefið trúverðuga skýrslu þegar hún lýsti því sem ákærði á að hafa gert henni og er ákæruefni málsins. Á hinn bóginn er einnig á það að líta að ákærði, sem hefur staðfastlega neitað sök, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, er að mati dómsins ekki ótrúverðugur. Við úrlausn málsins verður því að meta hvort önnur gögn þess styðji nægjanlega við skýrslu brotapóla þannig að á henni verði byggt.

Í II. kafla var gerð grein fyrir afskiptum yfirvalda af málefnum brotapóla og viðtölum við hana í Barnahúsi á árunum 2003 og 2006. Þar kemur fram að hún bendlar ákærða ekki við kynferðislegt ofbeldi heldur annan mann. Þá bendir

framburður vitna til þess að fleiri menn kunni að hafa komið við sögu auk þess sem brotþoli kunni að hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi erlendis. Brotþoli hefur sótt tvo skóla á höfuðborgarsvæðinu. Grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart henni vaknaði í fyrri skólanum og var framburður vitna þaðan reifaður hér að framan. Kom fram hjá þeim að brotþoli hegðaði sér þannig gagnvart drengjum að ástæða þótti til að hafa afskipti af því. Þá kom og fram hjá vitnum að hegðun þessi gæti verið merki um að viðkomandi hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en gæti þó átt sér aðrar orsakir. Brotþoli var skoðuð af læknum 2006 og kom ekkert fram við þá skoðun sem benti til þess að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Í síðari skóla brotþola, sem hún sækir nú, kom upp grunur um að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og er málið sprottið af rannsókn sem fylgdi í kjölfarið. Í II. kafla var rakin skýrsla brotþola fyrir dómi svo og það sem sálfræðingar og aðrir höfðu komist að við athugun á henni. Það var mat sálfræðinganna að brotþoli bæri öll merki þess að hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Brotþoli var skoðuð af læknum og var niðurstaða þeirra hin sama og við fyrri athugun. Ekkert á líkama brotþola benti til þess að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en útilokaði það ekki heldur.

Ákærða er gefið að sök að hafa fyrst brotið gegn brotþola á heimili þeirra úti á landi, en þar bjó fjölskyldan frá miðju ári 2005 fram í ársbyrjun 2006. Meðal gagna málsins eru lögregluskýrslur varðandi rannsókn er fór fram vegna gruns um að brotið hefði verið gegn brotþola. Sú rannsókn beindist ekki að ákærða heldur öðrum manni sem neitaði alfarið sakargiftum og varð ekki af frekari aðgerðum í málinu. Í III. kafla var rakinn framburður manns sem bjó í sama sveitarfélagi og fjölskylda brotþola á þessum tíma. Í framburði hans kom fram að brotþoli hefði sagt sér að ákærði misnotaði sig en síðan hefði hún ekki fengist til að tjá sig frekar um það eins og rakið var. Móðir brotþola kannaðist við þetta, en bar að þegar komið hefði til þess að ganga frekar á hana hefði hún dregið í land eins og rakið var. Önnur gögn málsins, sem rakin hafa verið, styðja að mati dómsins ekki nægjanlega við þann framburð brotþola að ákærði hafi misnotað hana meðan fjölskyldan bjó úti á landi.

Þá eru í ákæru tilgreind fjögur heimili á höfuðborgarsvæðinu sem fjölskylda brotþola bjó á eftir að þau fluttu utan af landi. Fjölskyldan bjó á þremur þessara heimila frá ársbyrjun 2006 til hausts 2008 er hún flutti á núverandi heimili móður brotþola, en brotþoli býr nú hjá föður sínum og ákærði mun búa annars staðar. Á einu þessara heimila, sem rekið er af félagasamtökum, bjó ákærði ekki með fjölskyldunni, en hann og móðir brotþola voru par engu að síður. Á öðru heimilinu var hann ekki skráður en mun engu að síður hafa búið þar. Meðan brotþoli var í fyrri skólanum bjó hún á þessum þremur heimilum og þá var aflað þeirra gagna frá skólanum, sálfræðingi, Barnahúsi og læknum sem að framan greinir. Þessar athuganir leiddu hins vegar ekki til þess að máli hennar væri vísað til lögreglu. Tvö vitni, fyrrum kennari brotþola og móðir fyrrum skólasystur hennar, komu fyrir dóminn og báru um hvað brotþoli hefði sagt þeim um kynferðislegt ofbeldi gagnvart sér. Hvorugt þeirra bar að hún hefði bendlað ákærða við ofbeldið. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að gögn málsins styðji ekki við framburð brotþola um að ákærði hafi beitt hana kynferðislegu ofbeldi meðan fjölskyldan bjó á þessum þremur heimilum.

Haustið 2008 flutti fjölskyldan á núverandi heimili móður brotþola og jafnframt skipti brotþoli um skóla. Samkvæmt framburði brotþola fór móðir

hennar af heimilinu tvisvar til þrisvar í viku til að spila og þá hefði ákærði misnotað sig eins og lýst var í II. kafla. Móðir brotaþola kannaðist við að hafa farið að spila og hefðu þá systir hennar eða frænka gætt brotaþola en ákærði hefði gætt sonar þeirra. Þessi framburður fær stuðning í framburði móðursystur brotaþola og frænku hennar eins og rakið hefur verið. Þær gátu ekki borið um ætluð brot ákærða gagnvart brotaþola. Þá kom og fram hjá móðurinni að hún hefði aldrei orðið vör við ætluð brot ákærða gagnvart brotaþola og hún hefði ekki sagt sér frá slíku. Eins kvað hún henni ekki hafa verið illa við hann. Við mat á framburði móðurinnar verður þó að hafa í huga samband hennar og ákærða. Í III. kafla var það rakið að brotaþoli kvað ákærða hafa beitt sig kynferðislegu ofbeldi þegar félagsráðgjafi hafði tal af henni eftir að skólasystur hennar höfðu sagt frá því sem hún hafði sagt þeim. Framburður skólasysturanna er hins vegar ekki glöggur um það hvar og hvenær þetta átti að hafa gerst og töldu þær helst að þetta hefði gerst áður en hún kom í skólann. Einnig að fleiri menn en ákærði hefðu átt hlut að máli. Sálfræðingarnir tveir sem hafa athugað brotaþola bera báðir að hún hafi sagt þeim að ákærði hefði misnotað sig. Þá kom og fram hjá þeim að hún bæri ýmis merki þess sem væri einkennandi fyrir börn er hefðu verið misnotuð eins og rakið var. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það mat dómsins að gegn eindreginni neitun ákærða hafi ekki verið færð fram gögn sem styðji nægjanlega við framburð brotaþola um að ákærði hafi misnotað hana á heimili því er síðast greinir í ákærinni.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins að ekki hafi verið færðar viðhlítandi sönnur á, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök og verður hann því sýknaður.

Með vísun til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 er skaðabótakröfu brotaþola vísað frá dómi.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun verjanda ákærða og þóknun réttargæslumanns brotaþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Ásgeir Magnússon og Ragnheiður Harðardóttir.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, M, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfu brotaþola er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 702.800 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Jóhönnu Sigurjónsdóttur hdl., 313.750 krónur.

Arngrímur Ísberg

Ásgeir Magnússon

Ragnheiður Harðardóttir